

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík



F I S K I S T O F A

Hafnarfjörður, 10.08.2010
Tilv. 0015/2010 - 60.12

Vísað er til bréfs nefndasviðs Alþingis, dags . 22. júní 210, þar sem allsherjarnefnd Alþingis sendir Fiskistofu til umsagnar frumvarp til laga um Stjórnarráð Íslands (sameining ráðuneyta), 658. mál.

Fiskistofa þakkar fyrir að fá ofangreint frumvarp til umsagnar og gerir ekki athugasemdir við efni þess en vill þó koma eftirfarandi á framfæri við nefndina.

Afar mikilvægt er að við ákvarðanir er lúta að sameiningu stofnana og tilflutningi verkefna sé ekki aðeins byggt á fjárhagslegum útreikningum heldur einnig og ekki síður litið til þess hvernig til hefur tekist við úrlausn verkefna samkvæmt því fyrirkomulagi sem viðhaft hefur verið. Ef það fyrirkomulag hefur skilað góðum árangri og virkar vel þarf að fara afar gætilega við að breyta því mikið eða umbylta. Í þessu sambandi vill Fiskistofa sérstaklega nefna þá aðferð sem nú er notuð og viðhöfð hefur verið allengi við vísindalegt mat og ráðgjöf og töku og framfylgd ákvarðana varðandi nýtingu á nytjastofnum sjávar. Fiskistofa telur að sú aðferð hafi reynst vel í öllum meginatriðum og leggur því mikla áherslu á að henni verði ekki breytt í grundvallaratriðum nema mjög veigamikil rök standi til þess eða brýn nauðsyn krefji.

Þá vill Fiskistofa áréttá að við allar breytingar á ríkisstofnunum, verkaskiptingu þeirra á milli og / eða sameiningu þeirra er bráðnauðsynlegt að haft sé mjög mikið samráð við starfsfólk hlutaðeigandi stofnana. Starfsfólkið og sú þekking og reynsla sem það býr yfir er helsta og oftast eina raunverulega auðlind stofnananna og starfsfólkið veit undantekningalítið best hvernig heppilegast er að haga úrlausn þeirra verkefna sem stofnanirnar sinna.

Virðingarfyllst,

Árni Múli Jónasson,
fiskistofustjóri